

# Merkjalýsing

Skv. lögum um skráningu, merki og mat fasteigna  
nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna 160/2024

Dags: 19.04.2024

## Lýsing fasteigna – fyrir breytingar

F2334589	L222779	Merkjalundur 15	829 m <sup>2</sup>
F2334588	L222777	Kattholt 2	1.840 m <sup>2</sup>
F2124899	L128789	Kattholt	0 m <sup>2</sup>

## Eignaheimildir og lýsing

### Þinglýstur eigandi/eigendur og lýsing á fasteign

F2334589

Alfreð Gustafsson kt. 231280-4789 og Ída Antonsdóttir kt. 120377-3199 eru með lóðaleigusamning 455-A-0000048/1999 við sveitarfélagið Smálönd kt. 620789-4479. Þau eignast óbeinan eignarétt í fasteigninni 8. janúar 2012 með afsali 444-A-00007/2012

F2334588

Emil Antonsson kt. 120175-1249 er með beinan eignarétt. Eignin var stofnuð út úr F2124899 Kattholti í 12. janúar 1993. Eignin er þrír skikar, einn utan um íbúðarhúsið sem, annar skiki utan um smíðaskúr og sá þriðji er sameignarland með 50% eignarhaldi með Kattholti. Sameignartandið er óuppmælt og með óskráða stærð, því er raunstærð Kattholts 2 talsvert stærri en skráð stærð.

F2124899

Alma Svennsson kt. 111251-4849 erfir Kattholt skv. skjali 101-E-0025252/1988 og hefur því beinan eignarétt. Hún afsalar við giftingu 12% eignarinnar til eiginmannsins síns Antons Svensson kt. 110154-9949 sbr. skjal 455-A-00012/1991

## Þinglýst skjöl

### Kvaðir og yfirlýsingar

F2334589

Í lóðaleigusamningi er kvæð um tvö opin hjólastæði og að flaggstöng megi ekki vera hærrí en 7 metrar.

F2334588

Yfirlýsingu á þinglýst á lóðina um girðingu með hlíði á lóðamörkum F2124899 og F2334588. Þá er önnur yfirlýsing um umgengisrétt F2334588 að smíðaskúrnum sem er innan lóðar F2124899 Kattholts sem Kattholt 2 var stofnuð úr. Á upprekstarland í sameign sbr. stofnskjál.

F2124899

Yfirlýsing um umgengisrétt F2334588 að smíðaskúrnum sem er innan lóðar F2124899 Kattholts sem Kattholt 2 var stofnuð úr. Með áður nefndu stofnskjali F2334588 var hluta afréttarlands afsalað. Stærð er óþekkt og eignarhald er 90% F2124899 og 10% F2334588

Veðbandayfirlit fylgir sem fylgiskjál.

## Lýsing á verki

Unnið er að því að mæla upp merkin milli L222779 og L222777. Við þetta breytist stærðin á L222779, hún var 829 m<sup>2</sup> en **verður eftir þetta 830 m<sup>2</sup>**. Stærðin á L222777 breytist ekki þar sem stærðin var rétt skráð en afmörkun ekki nákvæm.

Unnið er skv. nýsamþykktu aðalskipulagi Smálönda og deiliskipulagi Kattholtstorfunar sem staðfest var í sveitarstjórn 12. desember 2021.

Mælingar á vettvangi voru gerðar á staðnum 9. febrúar 2024, mældar voru upp á nýtt merkjavörður sem hlaðnar voru á 18. öld. Mælt var með Trimble R12i tæki og var mælingarnákvæmni 2 cm en ákvörðuð nákvæmni er 10 cm þar sem toppurinn á annari vörðunni var nokkuð flatur en ójafn og óljóst hvort landamerkjalyfingun ætti við hæsta hluta vörðunnar eða miðju hennar.

Fastmerkið sem notað var ber nafnið SMÁK og hnitin eru austur 47997797,66 norður 12879336,99 og er hæðin 78,47 m. Í hnitakerfi Rumskulla - EPSG:445783.

Hnit 012 og 013 eru nýuppmældar merkjavörður. Önnur hnit á uppdrættinum eru fengin úr stofnskjali fyrir F2334588 448-A-01578/1993 sem og hnit úr lóðaleigusamningi F2334589 455-A-0000048/119. Ekki er verið að eiga við þau hnit og gilda þau skv. reglum sem í gildi voru þegar þau hnit voru tekin. Því hefur þetta ekki áhrif á aðliggjandi fasteignir. Ekki er verið að mæla upp sameignarland Kattholts 2 og Kattholts. Hnitin eru á uppdrætti.

Íbúðarhús, verkfæraskúr, vélasalur og geitahús og er á lóð L222777. Verkfæraskúrinn er á sér 40 m<sup>2</sup> skika. Íbúðarhús er á L222779. Sjá staðsetningu á uppdrætti.

F2124899 er á mörkum hnitana sem eru uppmæld að nýju og staðfestir því einnig þessa merkjalýsingu þar sem það er verið að gera hnitin glögg.

## Uppdráttur með merkjalýsingu

Staðfest er ný lína milli L222779 og L222777.

Við þetta breytist stærðin á L222779, hún var 829 m<sup>2</sup> en verður eftir þetta 830 m<sup>2</sup>.

Stærðin á L222777 breytist ekki þar sem stærðin var rétt skráð en afmörkun ekki nákvæm.

L222779 er á þremur skikum einn 1800 m<sup>2</sup>, annar 40 m<sup>2</sup> eftir breytingar. Samtals 1.840 m<sup>2</sup>. Þriðji skikinn er óuppmælt sameignarland.

### Hnitaskrá

nr.	Austur	Norður
012	48997847,58	12979664,78
013	48997647,22	12979467,45

Önnur hnit eru áður staðfest eins og kemur fram í merkjalýsingu

### Fastmerki

Heiti	Austur	Norður
SMÁK	47997797,66	12879336,99

- Nýjir hnitapunktar
- Hnit í gildi fengin annarstaðar frá
- Hnitpunktar sem falla úr gildi
- Nýtt merki
- Gamalt merki
- Áður staðfestar afmarkanir



Merkjalýsandi: Merkjalýsir Markan  
Unnið skv. beiðni frá landeigendum

Mælingar gerðar 9. febrúar 2024 - áætluð nákvæmni 10 cm.  
Í hnitakerfi Rumskulla - EPSG:445783.

Dagsetning: 19. apríl 2024

# HMS

---

## Undirskriftir

---

Merkjalýsandi

\_\_\_\_\_

Merkjalýsir Markan – 311285-3349

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði  
útgefanda

F2334589

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Smálönd kt. 620789-4479  
sem er eigandi lands.

\_\_\_\_\_

Fulltrúi Fagleg - 320567-8889

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði  
útgefanda

F2334588

\_\_\_\_\_

Emil Antonsson - 120175-1249

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði  
útgefanda

F2124899

\_\_\_\_\_

Anton Svensson - 110154-9949

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði  
útgefanda

\_\_\_\_\_

Alma Svensson - 111251-4849

Samþykkt, dagsetning og stimpill sveitarfélags